

ÍSLAND OG ÍSLENDINGAR

(Icelandic endeavour, the impediments and the meaning)

I

Forfeður Íslendinga fóru af Noregi til þess að halda höfðingsskap sínum. Og þó að niðjar konunga og jarla og hersa, bæru ekki á Íslandi slík tignarnöfn, þá tókst eigi einungis að halda hér höfðingsskapnum, heldur jafnvel að hækka hann. Á Íslandi varð heiður þessa fólks, sem ættað var af Norðurlöndum, ennþá bjartari en verið hafði í heimalöndunum. Stórmennið norræna, sem flúið hafði óðul sín, eignaðist á Íslandi þá niðja, sem nýtt afbrigði urðu hins norræna kyns, og frammar en áður hafði verið. Hversu þýðingarmikið þetta atriði er, mun ljóst verða, þegar menn fara að íhuga alla mína kenningu eins og þarf.

Í fáeinum aldir var hér fegra og friðsamara lífi lifað, en segir af í þessum sögum, er verða því merkilegri, sem þær eru vandlegar lesnar. Hið fríðasta fólk var hér. Jafnvel ekki í Noregi sáu Gunnar og Kjartan þær konur, að þeim fyndist komast til jafns við það sem á Íslandi var. En svo kom hnignunin. Höfðingsþjóðin varð vesalasta fólkið á Norðurlöndum, og komst alveg á heljarþröm.

II

Fyrst ætla ég að telja þá orsök hnignunarinnar, sem enginn annar mundi minnst á, að svo stöddu. En það er sífjalitin sem urðu, þegar Íslendingar höfnuðu átrúnaði forfeðra sinna. Ófróðir menn halda, að hinir kæru guðir forfeðranna, hafi ekki verið annað en hugarburður. En þó er ekki svo. Guðirnir eru skyldar verur oss, er heima eiga á annarri stjörnu, verur, sem eiga menn fyrir forfeður, líkt og vér mennirnir eigum apa fyrir forfeður. Og þó að hugmyndir

þær, sem forfeður vorir gerðu sér um þessa lengra komnu frændur sína, væru mjög ófullkomnar, þá höfðu þeir mikið samband við þá og mögnuðust af þeim. Og að slíta þessu sambandi, eins og gert var þegar Íslendingar tóku kristni og taka upp samband við tilsvarendi frændverur annarrar fólksættar — Jahve og allt það lið, — hlaut að miða til þess að draga úr lífsþrótti forfeðra vorra og eyðileggja sjálfstæði þeirra.

Annað sem mjög hlaut að verða íslenskri menningu til hnekkis, var tungumálseinangrunin. Þegar styrjaldir og slíkt, er undan tekið, þá getur ekkert bölvaðra fyrir þjóð komið, en að vera smáþjóð. En Íslendingar voru í rauninni ekki smáþjóð fyrr en hin forna tunga týndist á Norðurlöndum, og annarsstaðar, þar sem hún hefir gengið yfir.

Hið þriðja, sem gerði Íslendingum örðugri framsóknina, var, að veðurfar versnaði, gróður rýrnaði, landið spilltist. Því hefir að vísu verið haldið fram, að loftslag hafi hér ekki spillst, síðan á landnámstíð og þróttaröld þjóðarinnar. En það er ekki rétt. Það er margt, sem sýnir, að veðráttá hefir versnað. Skógarnir hafa eyðst og minnkað meir en svo, að mönnum og fénaði verði um kennt. Þegar ég hafði ferðast hér á landi til rannsókna í 10 sumur, var ég farinn að læra að sjá nokkuð, hvar skógur hefði verið áður, og niðurstaða mín er sú, að það sé sönnu nærri, þegar segir, að landið hafi verið skógi vaxið milli fjalls og fjöru. Mér virðist t. d. svo mikill hluti landsins hér fyrir neðan Hellisheiði, muni hafa verið skógi vaxinn, til svo skamms tíma, að á Ingólfs öld hafi verið.

Fáir staðir munu hér fróðlegri vera í þessum efnum en Markarfljótsdalurinn, því að þar er svo glögg, hvernig helst í hendur jökulvöxturinn og skógarhvarfið. Markarfljót rann fram í skógum áður, eins og nafnið sýnir, og var miklu minna. Austan Markarfljóts, inn með undirhlíðum Eyjafjallajökuls, hefir áður verið fagur skógur. Forfeður vorir hefðu aldrei farið að kalla kjarr eitt Þórsmörk, og af Njálu virðist mega ráða, að mörkin hafi náð fram undir Seljalandsmúla, þegar sagan gerist. Hvergi er á Íslandi svipmeira

land að líta en Markarfljótsdalinn, og mér virtist skiljanlegt mjög, einn síðsumarsmorgun snemma, er ég var að horfa uppeftir frá Gunnarshólma, að ekki hafði þótt minna duga en Þórr og goðin önnur, til að kenna land þetta við. Og þó er nú önnur sýnin, en þegar akrar voru þar og skógar, og fólk á ferð slíkt sem í sögum segir.

III

Ennþá betur skýrist þó þetta mál, ef til vill, ef vér minnumst þess, hvernig Breiðamörk hét, þar sem nú er aðeins vesall gróður, og þó ekki víða, en annars mest sandur ferlegur. Þarf þar ekki að efa, að mikið hefir jökullinn vaxið, síðan þarna gat verið skógland vítt og stórbýli.

Óyggjandi sannanir hefi ég fundið fyrir því, að Breiðamerkurjökull hefir vaxið mikið, mjög nýlega, þegar frá jarðfræðilegu sjónarmiði er talað. Því að undir jöklinum eru leirlög, og í þeim skeljar, sem lifa ekki í eins köldum sjó og nú er við suðurströnd Íslands; sjórinn hefir því verið hlýrri áður. En þó var það fyrir landnámstíð. — Það er dálítið eftirtektarvert, að í miklu riti um loftlagsbreytingar síðan á síðustu ísöld, sem út kom í Svíþjóð fyrir nokkrum árum, er þessara athugana minna ekki getið. Munu valda nokkuð ástæður þær, sem áður er af sagt, en Svíar annars manna vísastir til þess að láta sér ekki slíkt á verða.

IV

Þá er enn eitt, sem örðugra hefir gert að byggja landið en áður var. Jarðeldar hafa aukist. Hekla fer t. d. ekki að gjósa fyrr en 200 árum eftir landnámstíð, en svo gýs hún á 200 árum 6 sinnum. Árið 1300 var það sem hún gaus í 6. sinni, og þá svo ógurlega, að fjallið rifnaði að endilöngu (sjá eldfjallasögu Þ. Th.). Sprungu þessa hina miklu má enn sjá, og er best að skoða hana norðan á fjallinu. Svo heitt hefir þar orðið undir, að hið bráðna grjót hefir ollið út um þessa sprungu, án nokkurrar gígmyndunar. Það er nærri því eins og hin ógurlega 14. öld, ógurlegri en nokkur önnur, sem yfir

mannkynið hafði gengið áður, hafi verið að gera boð á undan sér, með þessu ferlega gosi. —

Breytingar þessar, sem orðið hafa á veðurfari og jarðeldum, eru ekkert annað en eins og smágárar í þeim öldugangi, sem jarðmyndanin sýnir, að verið hefir á viðburðunum. Ég hefi fundið, hvernig jökulaldir og aðrar hlýrri, hafa gengið yfir landið á pleistocena tímanum, hvað eftir annað; og eins, að gosaldir hafa skipst á við aðrar, er hlé varð á jarðeldunum. Er þar afarmerkilegt rannsóknarefni, sem mér hefir þó ennþá ekki tekist að vekja athygli á, neitt nálægt því sem vert hefði verið.

V

Það verður óumflýjanlegt, að meta íslensku þjóðina of lítils, ef ekki er vitað af því, að landið hefir orðið mun óbyggilegra, síðan forfeður vorir settust hér að. Vér gerum oss mikils til of lágar hugmyndir um það efni, sem í þjóðinni er, ef vér vitum ekki, að erfiðleikarnir, sem berjast varð við til að halda hér uppi bókmennt og búmenning, fóru vaxandi. Það er hryllileg ævi, sem íslenska þjóðin hefir átt, ógurleg sagan, sem felst í þeim orðum, að Íslendingar voru um aldamótin 1800 nálega $2/3$ færri en 600 árum áður. — Því að mér þykir líklegast, að um 1200 hafi hér á landi ekki verið færri fólk, en nú er.

Vér skiljum ennþá betur, hversu hryllileg þessi saga hefir verið, ef vér gætum að þýðingu Íslendinga í sögu Norðurlanda og alls mannkyns. Íslenska þjóðin varð tilraun allra Norðurlanda-þjóða til að halda uppi þeirri norrænu menningu, sem leið undir lok í heimalöndunum. Og nú ætla ég að reyna, hvort ég get ekki skýrt, nokkru betur en áður, tilgang þeirrar tilraunar.

Vér sjáum, í sögu mannkynsins, hvernig alda rís fram af öldu, og skiljum nú vel, að hverju er verið að reyna að rísa. Svo hátt er verið að reyna að rísa, að tilgangur lífsins skiljist, og breytt verði síðan lífinu í það horf, að í sannleika verði farið að lifa á jörðu hér. Og gangur sögunnar hefir verið sá, að hver tilraun til að rísa svo hátt, hefir mistekist, aldrei

heppnast að ná hinni réttu framsóknarátt. Og eftir hverja tilraun sem mistekst, er útsog og hrun og hrap. Sú aldan, sem hæst vildi hefjast, aríska aldan, hjaðnar niður, — Persar, Grikkir, Rómverjar o.s.frv. — og svo taka Semítarnir við, Arabar og Gyðingar. Auðvitað tekst ekki heldur þeim, að koma framsókninni í rétt horf, og svo kemur mongólska aldan yfir, og þá versnar enn til mikilla muna. Aftur og aftur endurtekst þetta. Húnarnir á 5. öld, eru slík alda, og svo aftur Mongólarnir á 13. öld. Þá var að renna fram sú viðburðaalda, sem í Evrópu skapaði hina ógurlegu 14. öld; aldrei hafði tilraunin til að lifa mistekist áður, alveg eins skelfilega, á jörðu hér, eins og á öld svartadauða.

Nú stendur semítíska aldan sem hæst í Evrópu. En þó mundi ekki þar við sitja, ef illa færi. Það er alveg óhætt að segja það fyrir, að mongólska aldan mundi koma yfir einu sinni enn, og á skelfilegri hátt en nokkurn varir. Ekki eru það þó Japanar sem ég hefi hér í huga. Ég gæti talið nokkrar líkur til þess, að ef helstefnan yrði alveg ráðandi, dyssexelíxis, þá mundu koma upp ný afbrigði mannkynsins þar austur í Asíu, ennþá magnaðri til grimmdar en áður hefði verið á jörðu hér. Og hin óstöðvandi drepsótt, sem æða mundi yfir, mundi stafa af nýjum drepsýklum.

Menn hafa aldrei gert sér eins ljóst og þurft hefði, hversu gegnjúðskað hið hvíta mannkyn er orðið, og hvað það þýðir, að hin fornu trúarbrögð Arianna skuli vera alhorfin í Evrópu, en semítísk komin í staðinn, og forn málin arísku vera liðin undir lok, allstaðar nema á Íslandi.

VI

Að rétta við hina arísku framsókn, — auðvitað án alls fjandskapar gegn Semítum — að koma framsókn mannkynsins í hið rétta horf, það er hlutverk íslensku þjóðarinnar. Mörgum mun þykja sem þjóð sé lítil, en hlutverk ærið stórvaxið. En þó er hér á annað að líta meir en stærðina. Að þetta er ekki hlutverk Rússa, er augljóst orðið. Og því síður getur oss til hugar komið, að það verði á Indlandi unnið, þó að margt sé fólk. Indverjar hafa aldrei komist svo langt að

skrifa sögu. Indverska spekin er sambandsvit mest, ávöxtur „opinberunar.“ Skilningur og andlegt sjálfstæði, komst ekki á það stig sem þarf til þess að „spekin“ geti orðið að vísindum. Það er ekki lítið eftirtektarvert, að aldrei skyldu á Indlandi, þrátt fyrir hinar afarmiklu betri sambandsástæður austur þar, vera gerðar þær undirstöðuuppgötvanir, sem gera þurfti, til að setja á stofn vísindalega sálufraedi og stjörnulíffraedi. Eða, með öðrum orðum, að hin sanna heimspeki, diafilosofían, skyldi ekki geta komið þar upp. En söguritunin íslenska nægir til þess að sýna, hvert hlutverk Íslendinga er. Greindin og mannvitið, sem þar kemur fram, sýnir, að einmitt hjá þessu kyni, var betur stefnt, en áður hafði verið, að því að átta sig á tilverunni, og skapa hina sönnu heimspeki, eða heimsvísindin.

Vort hlutverk er það, að koma þannig áleiðis skilningnum á lífinu, að vísindi verði. Vér eigum að verða í því öðrum til fyrirmyndar að taka upp samband við æðri verur, af skynsamlegu viti, en engum átrúnaði. En þar er leiðin til að fá þau yfiráð yfir öflum náttúrunnar, sem ekki verður án verið, ef það á að lánast, að lifa.

Líkami vor er samsafn og sambland af jarðefnum, steinefni, vökva og lofti. Vér getum hugleitt þetta þannig, að það geti orðið til þess að auka oss skilning á tilgangi lífsins. Jarðefni þessi eru eigi einungis undir yfiráðum þeirra krafta, sem ráða í hinni líflausu náttúru, heldur koma þar til nýjar tegundir orku. Mál þetta horfir nú allt öðruvísi við en áður hefir það horft jafnvel við hinum ágætustu líffraedingum, þar sem vér vitum, að líkaminn er magnaður af utanaðkomandi orku, magnaður fram á hverri svefnstund, til aukins lífs. Hver lifandi líkami er eins og miðstöð fyrir tilraun til að ná alltaf meiri og meiri yfiráðum yfir hinni líflausu náttúru. Tilgangur lífsins er auðsjáanlega sá, að koma hinni líflausu náttúru, undir yfiráð æðra afls en áður. Í mannlíkamanum hefir þessi tilraun til þess að ná jarðefnunum undir yfiráð æðri orkutegunda, komist lengst. Í mannum hugsa jarðefnin. En alltaf hefir þó þessi tilraun farið út um þúfur, og ástæðan var sú, að ekki var hugsað nógu langt.

Þessi jarðefni sem heita heili, komust aldrei svo langt að vita, að það sem þarf til þess að lífið verði sigursælt, er samstilling við skyldar verur á öðrum stjörnum. Það sem menn hafa kallað trúarbrögð, religion, er hinn margvíslegi misskilningur mannkynsins á þessu aðalatriði.

Svo mikil tíðindi eru það, að hér á Íslandi hefir tekist að átta sig, byrja að átta sig, að þar ræðir eigi einungis um upphaf jarðartímabils, heldur heimstímabils. Ný heimsöld er hafin.

VII

Það sem þó verður ríkast í hug manns, sem af öllum kröftum, er að reyna að koma fram þessum ritgerðum, er að hér ræðir um upphaf nýrrar aldar í sögu langhrjáðrar þjóðar. Þetta fólk hér, sem akra og skóga þurfti til að þrífast, hefir nú öld eftir öld, lifað í landi þar sem ekki var korn, ekki timbur, ekki málmar. Þar sem loftslag fór versnandi og gróður rýrnandi. Og þar sem svo í ofanálag, var öld eftir öld, dreginn út úr landinu, mestur arðurinn af atvinnu manna. Og hversu sem þjakaði eldur og ís, þá var lítið um hjálp frá frændum vorum í betri löndunum.

Meinið var, að frændur vorir á Norðurlöndum uppgötvuðu aldrei þessa þjóð, vissu aldrei við hversu erfiðar ástæður hér var lifað, aldrei var þeim sagt, hvernig þessu erfiða lífi hér, var lifað einnig í þeirra þágu. Menn gera sér of lágar hugmyndir um Norðmenn, Dani, Svía og Finna, ef þeir halda að þessir frændur vorir hefðu ekki dugað oss betur, ef þeim hefði nægilega kunnugt verið það mál sem hér er verið að reyna að skýra. Drengskapur er einkenni Norðurlandabúa, og ekki síst sú tegund drengskapar, sem frændrækni er kölluð, og mun það sýna sig fagurlega, þegar nógu ljóst er orðið yfir máli voru. Vér munum af frændum vorum þiggja þá liðsemd sem vér þurfum, og launa vel.

Og þrátt fyrir allt, þykir oss vænt um Ísland. Oss er mikill hugur á því, að einmitt hér geti orðið gott að lifa. Oss langar ákaflega til þess, að einmitt hér nái að vaxa fram það fólk, sem vel má sjá að efni er í. Takið eftir þessari nýju kynslóð,

sem hér er að reyna til að vaxa upp. Beinkröm af kornleysi og öðrum skorti hafði orðið til að draga úr vexti vorum. Sjáið hvernig þjóðin er að leitast við að ná aftur hinni norrænu hæð. Hér í Reykjavík væri auðvelt að safna saman eigi alllitlum hóp af mönnum á tvítugs aldri, þar sem enginn væri undir 70 þumlungum, en eigi allfáir meira. Og mér virðist svo sem mikið af þessari hæð muni vera nýr vöxtur, fram yfir foreldra og frændur, afleiðing þess að ástæður hafa batnað nokkuð, þó að mikið vanti enn á að vel sé.

VIII

Það er rétt, að ég segi nokkuð af því, hvernig fara mundi, ef mistækist þessi tilraun, sem nú er verið að gera til þess að breyta stefnu viðburðanna og koma heiminum í hið rétta horf. En það er ekki torvelt, að vita í aðalatriðum, hvernig þá mundi fara, því að til þess þarf ekki annað en framlengja sumar þær viðburðalínur, sem mjög glöggar hafa orðið á þessum illu árum.

Fyrst er þess að geta, að veðurfar mundi spillast til muna, öfgar allar aukast. Stórviðrasamara mundi verða en áður, og sjóstærra. Mundu þessu fylgja slys ill, svo að jafnvel skip á stærð við „Island“ eða „Goðafoss“, mundu farast í hafi. Sjórinn mundi ganga á löndin, og það svo mjög, að hafnarbærir ýmsir mundu takast af. Hér í Reykjavík mundi verða svo hásjávað, að miðbærinn eyðilegðist, og höfnin yrði ónýt. Og ekki heldur mundu menn hér fara varhluta af drepsóttum þeim sem yfir mundu ganga. Í tíð sumra þeirra sem nú lifa, mundu menn deyja hér úr sótt, þúsundum saman. Illt mundi verða að lifa á landi hér, og koma upp nýir örðugleikar, sem engan hefði grunað áður. Svo slysasamt mundi hér verða, að jafnvel við heyskap yrðu hörmulegir mannskaðar. Sennilega mundi fyrir miðja öldina geysa styrjöld, sem fylgdi ennþá miklu meiri hörmungar en yfir hafa gengið síðan 1914. Er nú þegar fyrir hendi mikið efni til ágiskana um það, hversu miklu djöfulvirkari næsta styrjöld mundi verða, en þær sem áður hafa verið; en þó ætla ég að sleppa þessu hér, en skýra heldur frá því í ritgerð, sem ef til vill mun

heita „styrjaldarsaga hin meiri“, og verður um ástandið á dysexeliktiskri stjórn, hnetti þar sem helstefnan hefir ekki orðið sigruð, en saga lífsins lengri miklu orðin en á vorri jörð. En af slíku er það, sem segir í Opinberun Jóhannesar, eins og vel má sýna fram á þannig, að ekki verði með rökum móti mælt. Verður sú bók miklu merkilegri en áður, þegar náttúrufræðingsaugum er á hana litið. Má að vísu, af því sem þar er sagt, margt ráða um það, hvernig fara mundi á jörðu hér, ef ekki yrði sigruð hin illa stefna. Svo stórkostlega mundu allar ástæður versna, að eftir ekki mjög margar kynslóðir, mundi íbúatalan í Evrópu, vera orðin einungis 1/4 þess sem er nú. Áður en skrifað væri 2100, mundi Ísland verða komið í auðn, og Breiðamerkurjökull í sjó fram. Og stormar og æðandi hríðir mundu kveða heljaróðinn yfir gröf þessarar tilraunar til að bjarga málstað mannkynsins, sem þjóð vor er. —

Um svipað efni þessu, hefir annars ritað fyrir löngu, og af ódauðlegri snilld, Snorri Sturluson, og enn áður verið af slíku sagt í Völuspá. Og þykir mér sem tíðindi þau er urðu á 14. öld, og hinni 13., eftir að Snorri hafði ritað Eddu sína, réttlæti fullkomlega, feiknlegar fyrirsagnir. En við hinu megum vér þó heldur búast að þessi snertur af Ragnarökkri sem náð hefir til vor, sé ekki undanfari ennþá verri tíðinda, heldur sé nú hið illa að ganga um garð, en nálgast fari hið mikla vor, heimsvorið, sem ennþá hefir aldrei verið af sagt. Og því betur sem oss auðnast að verða guðunum samtaka, því alvarlegar sem vér reynum að samstillta hugi vora guðlegri vitsku og guðlegum góðleik, því fyrr munum vér finna blæinn, sem boðar oss, að nú fari að verða fagurt að lifa, en lokið slysunum.

17/2 '22